

Rafbílaleigan nuna.is

Rafbílaleigan Nuna.is er markaðssamstarf Islandus Europe ehf (islandus.is) og LW ehf (Carrenters.is / Caritas.is) um Deili Bílaleigu á Íslandi með rafbíla. Vefsíða: www.nuna.is

Sótt hefur verið um bílaleiguleyfi til Samgöngustofu (Staðfestingarnúmer umsóknar 61308) um rekstur Nuna.is DeiliBílaþjónustu. Bílaleigan verður rekin af Valhalla ehf sem er systurfyrirtæki Islandus Europe ehf. Bæði fyrirtækin eru í eigu Álfþaborga ehf sem hafa starfað við innflutning á bílum í nær 20 ár, og voru eitt fyrsta fyrirtæki landsins til að bjóða rafbíla, seldu m.a. fyrsta Nissan Leaf rafbílinn á Íslandi eftir því sem við vitum best.

Islandus hefur sérhæft sig í að bjóða rafbíla á afsláttarkjörum og lægri verðum en almennt markaðsverð. Með því að kaupa nánast nýja sýningabíla af erlendum bílaumboðum, bíla sem hafa fengist á góðum tilboðum stundum eftir niðurgreiðslur í öðrum löndum. Með þátttöku í rafbíla-leigu mun Islandus leitast við að bjóða enn betri kjör á rafbílum til neytenda og stuðla þannig að hraðari orkuskiptum úr jarðeldsneytis bílum í 100% rafbíla.


Þegar Islandus fyrst bauð rafbíla til sölu var veruleg fyrirstaða á markaðnum fyrir þessari nýjung. Það tók marga mánuði af auglýsingum að fullvissa fyrstu kaupendur að skipta yfir í rafbíl. Fólk var hrætt við tæknina, drægnina, endinguna. Rafbílar hafa síðan þá verulega unnið á í huga almennings. Enn er nokkur fyrirstaða. Með því að setja flota af rafbílum í Deili Bílaleigu teljum við að hægt sé að ná betur til þeirra sem enn hafa ekki lagt í rafbíl. Reynslan sýnir að flestir sem fá reynslu af rafbíl vilja ekki jarðeldsneytis bíl aftur.

Hugmyndin að Rafbíla-leigunni Nuna.is er að einstaklingar og fyrirtæki geti skráð sig fyrir bíl sem Umráðandi. Viðkomandi fær síðan bílinn á sitt heimilisfang, íbúðarhús, fjölbýlishús eða vinnustað, sem deilibíl. Bíllinn verður búinn staðsetningarbúnaði. Heimilisfólk eða starfsmenn hafa greiðan aðgang að því að bóka bílinn í gegnum Nuna DeiliBílaApp. Bíllinn verður einnig auglýstur með SímaAppi Rafbíla-leigunnar sem deilibíll til annarra sem vilja leigja bíl einstaka daga eða hluta úr degi. Með SímaAppinu finna leigjendur bílinn, geta hafið leigu, opnað og lokað bílnum og skila honum svo til baka til viðkomandi umsýjaraðila.

Þannig verður bílunum dreift um landið og það verður enginn floti af bílum á einum stað. Allt viðhald og reglubundnar skoðanir verða hjá viðurkenndum bifreiðaverkstæðum þar sem viðkomandi umráðandi bílsins mætir með bílinn eftir þörfum.

Umráðandinn hefur það hlutverk að sjá um og hýsa bílinn á milli leigutímabíls. Þar á meðal að hlaða bílinn. Umráðandinn fær hlutdeild í tekjum Rafbíla-leigunnar. Umráðandinn á þess einnig kost að eignast bílinn á góðum kjörum eftir að bíllinn hefur verið til útleigu í amk eitt ár.

LW hefur s.l. 8 ár verið leiðandi miðlun í einkaleigu á bílum í einstaklingseigu til ferðamanna á Íslandi. Með samstarfi við Islandus mun LW leitast við að umbylta núverandi bílaflota sínum yfir í rafbíla jafnframt því að auka starfsemina verulega með umhverfisvænum bílum.



Rafbílaleigan virkjar einstaklinga og fyrirtæki

Rafbílaleigan mun opna margvíslega möguleika fyrir einstaklinga að taka þátt í því spennandi verkefni að umbreyta bílaflota landsmanna yfir í 100% rafbíla og innlenda orku.

1. Rafbílaleigan byrjar með 100 rafbíla sem áætlað er að verði blandaður floti af bílum í vinsælustu stærðarflokkum og útfærslu. Vonast er til að kaupverð hvers bíls verði að meðaltali undir 5 milljónum króna með afsláttarkjörum frá Islandus bílum.
2. Rafbílaleigan vonast til að fá samþykktu umsókn um 1 milljón króna styrk á hvern bíl þannig að kostnaðarverð hvers bíls verði ekki yfir 4 milljónir króna.
3. Viðskiptavinum LW og Islandus Bíla verður gefinn kostur á að taka þátt í verkefninu með þeim hætti að gerast umsjónarmenn bílanna (umráðandi) og taka þannig þátt í starfseminni og leigutekjum. Bílarnir verða í eigu bílaleigunnar (Valhalla ehf) en umráðandi getur eignast bílinn eftir eitt ár sem DeiliBíll á hagstæðum kjörum. LW hefur unnið með svipað viðskiptamódel undanfarin 8 ár í gegnum leigumiðlun Caritas.is og Carrenters.is en þar eru einstaklingar eigendur bílsins.
4. Rafbílaleigan gerir einstaklingum kleift að taka þátt í deilibíla þjónustu.
5. Ný tækni og lausnir hannaðar fyrir deili bílaþjónustu gera þetta viðskiptamódel mjög hentugt í dag. Bílarnir verða búnir staðsetningarbúnaði tengt smart símaforriti. Umsjónarmaður bíls fær tilkynningar er leiga hefst og hvenær leigu lýkur. Leigutaki finnur bílinn með forritinu og getur opnað og lokað bílnum með símanum.
6. Útleiga bílanna:
 - a. Íslendingar sem vilja nýta sér deili bílaþjónustu
 - b. Íslendingar sem vilja kynna hagkvæmni rafbíla
 - c. Erlendir ferðamenn
 - d. Langtímaleiga
7. Eftir umsaminn tíma t.d. 1-2 ár, getur Umsjónarmaðurinn eignast bílinn til eigin nota og dregið hann úr útleigu að hluta eða öllu leiti. Vonast er til að með þessum hætti geti viðkomandi einstaklingur eignast bílinn á góðum kjörum jafnvel 50% lægra verði.

Deilibílar er talið mjög jákvæð þróun til að draga úr mengun. Skýrsla um deili bílaþjónustu: [https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Ahrif_innleidingar_deilibila_a_ferdavenjur_og_bila_eign/\\$file/%C3%81hrif%20innlei%C3%B0ingar%20deilib%C3%ADla%20%C3%A1%20fer%C3%B0avenjur%20og%20b%C3%ADlaeign.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Ahrif_innleidingar_deilibila_a_ferdavenjur_og_bila_eign/$file/%C3%81hrif%20innlei%C3%B0ingar%20deilib%C3%ADla%20%C3%A1%20fer%C3%B0avenjur%20og%20b%C3%ADlaeign.pdf)